

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1982

18. júní 1982

1

Nr. 1

AUGLÝSING

um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Hinn 10. mars 1982 var með bréfaskiptum utanríkisráðherra Íslands og lögmanns Færeyja gengið frá samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna. Með ályktun 20. apríl 1982 staðfesti Alþingi samkomulagið.

Bréfin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. júní 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Hr. lögmaður,

Reykjavík, 10. mars 1982

Ég leyfi mér að bera fram tillögu þess efnis að veittar verði gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja og efnahagslögsögu Íslands á árinu 1982. Heimild þessi nær einnig til veiða skips er bæði veiðir aflann og vinnur hann um borð. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verður haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun fylgt því fyrirkomulagi og reglum sem ákveðið var í niðurstöðum viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru 10. janúar 1979.

Ef þér fallist á ofangreint, hr. lögmaður, bið ég um staðfestingu yðar þar að lútandi.

Ólafur Jóhannesson

Hr. Pauli Ellefsen, lögmaður,
Føroya Landsstýri,
Tórshavn.

Svar lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Harra uttanríkismálaráðharri,

Tórshavn, 10. mars 1982.

Víst verður til bræv tygara frá í dag, har ið skotið verður upp, at íslendingar og føroyingar í 1982 fáa loyvi til at veiða upp til 20.000 tons av svartkjafti á fiskiøkinum hjá hvørjum øðrum í 1982, og at eitt av teimum føroysku skipunum, ið fær loyvi at veiða svartkjaft á íslenskum øki, eisini fær loyvi til at viðgera hann umborð.

C 1

Vegna Føroya Landsstýri kann eg svara, at vit eisini ynskja eina slíka skipan, og at vit eru samdir í, at nærri fyriskipanir um hesa veiðu eiga at verða avtalaðar beinleiðis millum føroyskar og íslenskar fiskimyndugleikar, og at tær reglur, ið avtalaðar vóru í samrøðum um sínamillum fiskiveiðirættindi føroyinga og íslendinga millum 10. januar 1979 annars verða fylgdar.

Pauli Ellefsen
løgmaður

Uttanríkismálaráðharri
Ólafur Jóhannesson,
Reykjavík.

Nr. 2

AUGLÝSING

18. júní 1982

um samning við Noreg um gagnkvæmar heimildir til veiða á kolmunna.

Hinn 23. mars 1982 var með orðsendingaskiptum í Reykjavík gengið frá samningi milli Íslands og Noregs um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Norðmanna til veiða á kolmunna. Samningurinn öðlaðist gildi 7. maí 1982.

Alþingi hafði með ályktun 20. apríl 1982 staðfest samninginn.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Uttanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. júní 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

Orðsending sendiherra Noregs til uttanríkisráðherra Íslands.

Reykjavík, 23. mars 1982.

Herr Utenriksminister,

Under henvisning til anbefaling fra den norsk-islandske fiskerikommission på møtet i Reykjavík 3. mars 1982 har jeg den ære å foreslå at det gis gjensidig tillatelse til å fiske inntil 20.000 tonn kolmule innenfor Norges fastlands økonomiske sone og Islands økonomiske sone i 1982. Slik tillatelse omfatter også fabrikktrålere.

Nærmere bestemmelser om fisket avtales mellom det norske og det islandske fiskeridepartement. Bestemmelsene i avtalen av 10. mars 1976 om tillatelse for norske fartøyer til å fiske innenfor Islands fiskerigrense skal gjelde for det norske fisket. Videre kommer partenes forskrifter om fremmede fartøyers fiske innen hver av partenes fiskerijurisdiksjonsområde til anvendelse.

Dersom De er enig i dette, herr Utenriksminister, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellom våre to regjeringer, med ikrafttreden når begge regjeringer har meddelt hverandre at de konstitusjonelle krav er oppfylt.

Annemarie Lorentzen
Ambassadør

Herr Utenriksminister Ólafur Jóhannesson,
Íslands Utenriksministerium,
Reykjavík.